Fullgild rafræn undirskrift
RANNVEIG EINARSDÓTTIR
2026-11-20 08:42:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavík, 19. nóvember 2026
VEL26080114

Öldungaráð

Minnisblað um gjaldtöku sveitarfélaga fyrir stuðningsþjónustu, einkum þegar þjónustan felst að mestu í þrifum - umsagnarbeiðni

Á fundi velferðarráðs þann 18. nóvember 2026 var lagt fram minnisblað, dags. 16. nóvember 2026, um gjaldtöku sveitarfélaga fyrir stuðningsþjónustu, einkum þegar þjónustan felst að mestu í þrifum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Meirihlutinn þakkar fyrir vandað og vel unnið minnisblað. Stuðningsþjónusta á fyrst og fremst að efla sjálfstæði fólks og gera því kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Þjónustan á ekki sjálfkrafa að felast í því að starfsfólk taki yfir verkefni sem einstaklingar geta sinnt sjálfir með viðeigandi stuðningi, þjálfun eða hjálpartækjum. Því er lagt til að taka upp tekjumörk fyrir þá sem þurfa eingöngu aðstoð við þrif, að fyrirmynd Akureyrarbæjar. Þannig verði fjármunum forgangsraðað til þeirra sem mest þurfa á þjónustunni að halda. Kostnaði verður enn haldið í algjöru lágmarki fyrir tekjulága og háar tekjur munu ekki útiloka þrif þegar einstaklingur þarf jafnframt víðtækari stuðning. Samhliða eru lagðar til mikilvægar umbætur á þjónustunni. Einfalda á umsóknarferlið og draga úr óþarfa umsýslu. Í stað þess að samþykkja sjálfkrafa ótímabundna þrifþjónustu verði færni og þarfir einstaklingsins metnar, meðal annars með tilliti til hjálpartækja, leiðsagnar og tímabundinnar færniþjálfunar á heimilinu. Þeir sem þurfa varanlega aðstoð fái hana áfram samkvæmt einstaklingsbundnu mati. Þá verði kannaður möguleiki á námskeiðum í heimilishaldi fyrir yngri þjónustuþega. Með breytingunum er þjónustan betur sniðin að raunverulegum þörfum fólks, færni þess og getu til sjálfstæðrar búsetu. Þannig má bæði bæta lífsgæði og nýta fjármuni betur.

Óskað er eftir umsögn öldungaráðs um tillögurnar sem settar eru fram í minnisblaðinu.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Minnisblað um gjaldtöku sveitarfélaga fyrir stuðningsþjónustu, einkum þegar þjónustan felst að mestu í þrifum, lagt fyrir fund velferðarráðs 18. nóvember 2026.

Reykjavík